Nr. 6.
17.
marz.

L ö g

um

friðun fugla og hreindýra.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Kríur og spörfuglar allir, svo sem snjótitlingar, þúfutitlingar, maríuerlur, steindeplar og þrestir skulu hvervetna friðhelgir á hverjum tíma árs sem er, en allir aðrir fuglar, utan hræfuglar og gripfuglar, lundi og bjargfugl, á tímabilinu frá 1. maí til 20. ágúst, og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Net og skot skulu bönnuð við lundaveiði og fýlaveiði.

2. grein.

Fyrir hvern fugl, er friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 50 aura sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot allt að 16 krónum.

3. grein.

Hreindýr skulu friðhelg vera frá 1. janúar til 1. ágúst, og varðar 5 króna sekt fyrir dýr hvert hið fyrsta sinn, ef drepið er. Sektin tvöfaldast, ef optar er brotið, allt að 80 krónum.

4. grein.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eru opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 17. dag marzm. 1882.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

Nr. 6. 17de Marts.

om

Fredning af Fugle og af Rensdyr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Terner og Spurvefugle af enhver Art, saa som Snespurve, Markspurve, Vipstjerte, Stenpikkere og Drosler skulle overalt være fredede hele Aaret igjennem. Alle andre Fugle, med Undtagelse af Aadsel- og Rovfugle, Søpapegøier og Bjærgfugle skulle fredes i Tidsrummet fra 1ste Mai til 20de August, og Ryper i Tidsrummet fra 1ste April til 20de August. Ved Fangsten af Søpapegøier og Fyler (kýll) maa ei anvendes Garn eller Skud.

§ 2.

Hvo som gjør sig skyldig i Overtrædelse heraf, ifalder en Bøde af 50 Øre for hver af de i denne Lov fredlyste Fugle, han fanger eller dræber. I Tilfælde af Gjentagelse fordobles Boden indtil 16 Kr.

§ 3.

Rensdyr skulle fredes fra 1ste Januar til 1ste August. Overtrædelse heraf straffes med en Bøde af 5 Kroner første Gang for hvert Dyr, der dræbes. I Gjentagelsestilfælde fordobles Boden indtil 80 Kroner.

§ 4.

Sager i Anledning af Overtrædelse af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager. Den ene Halvdel af Bødens Beløb tilfalder Landskassen, den anden Angiveren.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 17de Marts 1882.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.